

Sp. 495. Tillaga til þingsályktunar [310. mál]

um nýjan viðmiðunargrunn verðtryggingar langtímalána.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar að verðtrygging langtímalána til einstaklinga vegna náms eða byggingar eigin húsnæðis verði miðuð við vísitölu kauptaxta í stað lánskjaravísitölu.

Greinargerð.

Flestir eru orðnir sammála um réttmæti verðtryggingar fjárskuldbindinga og viðurkenna það sjónarmið að lánardrottni beri að fá verðmæti lánsfjárhæðar að fullu endurgreitt að lánstíma loknum og eitthvað að auki fyrir greiðann. Það er hins vegar ekkert einfalt mál og öldungis ekki sama við hvað verðtryggingin er miðuð, eins og lántakendur hafa rækilega orðið varir við nú síðustu árin.

Fram til þessa hefur þótt rétt að miða við kostnaðarþróun og verðtrygging þannig miðuð við lánskjaravísitölu sem er mynduð af vísitölu byggingarkostnaðar að $\frac{1}{3}$ hluta og vísitölu framfærslukostnaðar að $\frac{2}{3}$ hlutum. Hugmyndin var þá sú að fá mætti jafngilt verðmæti í hlutum eða þjónustu fyrir endurgreiðsluna og upphaflegu lánsfjárhæðina, en vextir væru svo að auki. Þetta virðist eðlileg viðmiðun að því tilskildu að þróun kaupgjalds haldi að minnsta kosti í við þróun verðlags og framfærslukostnaðar. Því er þó alls ekki alltaf að heilsa og reynsla undanfarinna mánaða kallar eindregið á breytingu í þessum efnum. Það hlýtur að teljast með öllu ósanngjarnt að neyða fólk til að spá um verðlagsþróun til margra ára eða jafnvel áratuga til að átta sig á greiðslubyrði langtímalána með föstum vöxtum. Slíkt er raunar ógerlegt eins og komið er á daginn.

Nú um nokkurt skeið hefur þróunin verið almennu launafólki afar óhagstæð og ljóst að margir eru að kikna — og hafa þegar kiknað — undir greiðslubyrði lána sem hefur í mörgum tilfellum vaxið langt umfram greiðslugetu. Kaupmáttur hefur illa fylgt eftir kostnaðarþróun og einsýnt að mikið misgengi hefur myndast nú að undanfögnu, meðal annars vegna aðgerða stjórnvalda sem æ ofan í æ hafa hindrað að laun haldi í við verðlagsþróun. Af því leiðir að

fólk þarf ekki aðeins að bera skertan kaupmátt á neysluvörum, heldur einnig að borga af langtímalánum sínum með sífellt fleiri vinnustundum.

Miðað við framansagt þykir flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu það réttlætismál að viðmiðunargrunnur verðtryggingar lána til launafólks verði vísitala kaup-
taxta, en ekki lánskjaravísitala eins og nú er. Meginhugsunin að baki slíkrar verðtryggingar er þá sú að launafólk þurfi að vinna jafnmargar vinnustundir fyrir greiðslu lánsins og virði þess var í vinnustundum þegar lánið var tekið, að viðbættum einhverjum vöxtum.

Launafólk er í raun algjörlega varnarlaust gagnvart ráðstöfunum sem miða að skerðingu kaupmáttar. Sala vinnu er eina tekjuöflunarleið þess og því eðlilegast og réttlátast að það sé lagt til grundvallar við ákvörðun verðtryggingar lána. Launafólki væri mikið öryggi í því að vita að endurgreiðsla lána yrði alltaf svipuð í vinnustundum talin. Því er þessi tillaga fram borin.

Meðfylgjandi tafla frá Þjóðhagsstofnun sýnir þróun kauptaxta og lánskjara s. l. 15 ár.

Tekjur, lánskjar, kaupmáttur 1970-1984.

Vísitölur 1970=100

	Vísitala kauptaxta	Vísitala ráðstöfunar- tekna Á manni	Lánskjara vísitala	Vísitala kaupmáttar kauptaxta 1)	Vísitala kaupmáttar ráðstöfunar- tekna 1) Á manni
1971	119	123	110	109	113
1972	149	155	123	120	124
1973	184	209	148	118	134
1974	274	319	210	123	143
1975	348	422	316	105	127
1976	436	560	413	101	130
1977	636	825	536	112	146
1978	985	1283	774	121	158
1979	1420	1917	1111	119	160
1980	2143	3014	1750	115	161
1981	3193	4801	2657	114	171
1982	4800	7461	3981	111	172
1983	7174	11900	7140	91	152
1984	8524	14851	9552	84	147

1) Miðað við verðlag einkaneyslu.

Aths. Þann fyrirvara þarf að hafa á þessum vísitölusamanburði, að val á grunnári getur skipt máli. Hér er til dæmis miðað við grunnárið 1970, en önnur mynd kynni að fást, ef miðað væri við eitthvert annað grunnár.